

**Sp. 515. Tillaga til þingsályktunar [259. mál]**  
um athugun á staðsetningu ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana.

Flm.: Kristján Ingólfsson, Steingrímur Hermannsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna millipinganefnd, er geri athugun á og tillögur um, hvaða ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir, sem nú eru staðsettar á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa, mætti flytja til staða annars staðar á landinu, byggðinni þar til stuðnings og jöfnunar.

**Greinargerð.**

Öllum er kunn hin mikla tilfærsla byggðar, sem átt hefur sér stað á landi hér síðastliðna áratugi.

Til Reykjavíkur hefur leið þúsunda og tugþúsunda legið, ungra og gamalla. Fæstir þeir, er utan af landsbyggðinni koma og afla sér sérmenntunar eða sérþjálfunar, eiga afturkvæmt til heimabyggða. Leiðin liggur þangað, sem þörf er fyrir slíka kunnáttu.

Staðsetning valdstjórnar í Reykjavík hefur efalaust átt mikinn þátt í hinum byltingarkennda vexti hennar. Í námunda við helztu valdamenn þjóðarinnar hefur á umliðnum áratugum risið upp í höfuðborginni fjöldi ríkisstofnana og opinberra fyrirtækja. Fjöldi starfsmanna þessarar opinberu sýslu og starfrækslu skiptir þúsundum. Í rauninni hefur hér orðið ofþróun og byggðin hnyklazt saman á einn stað án þjóðfélagslega hagrænna forsendna.

Starfsemi á vegum ríkisins í Reykjavík og næsta nágrenni er eðlilega af ýmsum toga spunnin, því að kröfur nútímapjóðfélags fyrir þjónustu á ýmsum sviðum aukast sýknt og heilagt. Þær kröfur ná ekki á sama hátt út um landsbyggðina, hvað starfsemi hins opinbera snertir. Viða eru heil landssvæði, sem ekki hafa öðrum sérmenntuðum starfsmönnum opinberum á að skipa en sýslumanni, lækni, prestum og nokkrum kennurum. Í tækniheimi nútímans og veröld sérþekkingar er hér um að ræða stöðnun.

Viðurkenna ber, að þjóðfélag nútímans þurfi á fólki með margháttða kunnáttu að halda, til þess að unnt sé að annast starfrækslu framkvæmdavaldsins.

En að þetta fólk og stofnanir þær og fyrirtæki, er það starfar við, sitji svo til allt á einum og sama stað, eins og hér gerist, það getur varla talizt nauðsynlegt, ef betur er að gáð. Hér er þó um að ræða þjónustu fyrir þjóðarheildina, en ekki takmarkaðan landshluta.

Það mundi því verða til að auka jafnvægi í byggð landsins og þjóðfélagslega hagræna búsetuskiptingu, ef ýmsar þær stofnanir, sem nú eru í Reykjavík, yrðu fluttar til annarra landshluta.

Kæmist mál þetta til framkvæmda, yrði það efalaust til að sporna að einhverju leyti gegn flutningi landsmanna til Reykjavíkursvæðisins, sem hvorki getur talizt jákvæður fyrir byggðarlög þar né annars staðar á landinu í þeirri mynd, sem hann hefur verið undanfarna áratugi.

Um þessar mundir eru Svíar að framkvæma í sínu landi það, sem þessi þingsályktunartillaga leggur til að gert verði hér. Þeir óttast ofvöxt Stokkhólms og hinnar opinberu þjónustu þar, og er þó ólíku saman að jafna hlutdeild höfuðborga Íslands og Svíþjóðar í mannfjölda þjóðanna tveggja.

Því er hér eigi síður um að ræða stórmál fyrir okkur Íslendinga, sem Alþingi væntanlega sér ástæðu til að veita brautargengi með samþykkt þessarar tillögu.